

2008 nr. 71 11. júní**Lög um fiskeldi¹⁾**

¹⁾ 4.–7., 12. og 19. gr. laganna var breytt með l. 113/2015, 8. gr. Breytingarnar taka gildi 1. júlí 2016 skv. 13. gr. s.l.

Tóku gildi 1. júlí 2008. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013), l. 49/2014 (tóku gildi 29. maí 2014 nema 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 7. gr., 3. og 5. mgr. c-liðar 8. gr., a-liður 11. gr., 12. gr., 16. gr., 21. gr. og 22. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015) og l. 113/2015 (taka gildi 1. júlí 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. [Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.]¹⁾

□ Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærni nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

¹⁾ L. 49/2014, 1. gr.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi taka til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur*: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

[2. *Burðarþolsmat*: Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.]¹⁾

[3.]¹⁾ *Eldisdýr*: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð proskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

[4.]¹⁾ *Fiskeldi*: Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaelði, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

[5.]¹⁾ *Fiskeldisstöð*: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.

[6.]¹⁾ *Fiskrækt*: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða sjó.

[7.]¹⁾ *Fiskræktarslepping*: Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni eða sjó.

[8.]¹⁾ *Fiskstofn*: Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

[9.]¹⁾ *Fiskur*: Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra

tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.

[10.]¹⁾ *Geldstofn*: Fiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

[11.]¹⁾ *Göngusilungur*: Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

[12.]¹⁾ *Hafbeit*: Slepping gönguseiða til sjögöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.

[13.]¹⁾ *Heilsárseldi*: Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.

[14.]¹⁾ *Kvíaelði*: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

[15.]¹⁾ *Kynbætur*: Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.

[16.]¹⁾ *Lagardýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

[17.]¹⁾ *Netlög*: Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörobörði landareignar.

[18.]¹⁾ *Nytjastofnar*: Fiskar og sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.

[19.]¹⁾ *Sjávarfiskur*: Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.

[20.]¹⁾ *Sjókvíaelði*: Eldi á fiski í netbúrum sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.

[21. *Sjókvíaeldisvæði*: Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaelði þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíaeldisvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda.]¹⁾

[22.]¹⁾ *Sjór*: Salt vatn utan árósa.

[23.]¹⁾ *Skiptielði*: Eldi á fiski í strandeldi upp í 250–1.000 grömm og framhaldselði í sjókvíum upp í markaðsstærð.

[24.]¹⁾ *Strandeldi*: Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.

[25.]¹⁾ *Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

[26.]¹⁾ *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

[27.]¹⁾ *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

[28.]¹⁾ *Vatnadýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

[29.]¹⁾ *Vatnafiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

[30.]¹⁾ *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

[31.]¹⁾ *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

[32.]¹⁾ *Vilttur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fiskis er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

[33.]¹⁾ *Örmerkingar*: Merkingar á fiski með málmflisum í trjónuna.

¹⁾ L. 49/2014, 2. gr.

II. kafli. Stjórnsýsla.

■ 4. gr. Stjórnsýsla.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum [Matvælastofnunar]²⁾ sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

□ [Ákvarðanir [Matvælastofnunar]²⁾ er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. III. og V. kafli, sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sem [Matvælastofnun]²⁾ tekur á grundvelli laga þessara sæta kærur til ráðherra og fer um kærurnar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.]³⁾

□ Ráðherra skal í samræmi við fyrirsmáli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað fagleggrar umsagnar Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar og [Hafrannsóknastofnunar]⁴⁾ og leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.

□ Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

¹⁾ L. 126/2011, 483. gr. ²⁾ L. 49/2014, 3. gr. ³⁾ L. 131/2011, 2. gr. ⁴⁾ L. 157/2012, 22. gr.

■ [4. gr. a. Móttaka og afgreiðsla umsókna.

□ Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

□ Afhenda skal Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. og skulu þær afgreiddar samhliða.

□ Matvælastofnun skal framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir. Umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi skal afgreiða innan sex mánaða frá því að þær berast. Matvælastofnun skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því að umsóknin berst stofnuninni. Verði tafir á málsmeðferð vegna ófullnægjandi gagna umsækjanda framlengist frestur til afgreiðslu sem því nemur. Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. Ef umsóknir eru samþykktar skulu starfsleyfi og rekstrarleyfi afhent umsækjanda samtímis.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 4. gr.

■ 5. gr. Svæðaskipting fiskeldis.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar [þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar],¹⁾ Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veidimálastofnunar, [Hafrannsóknastofnunar]²⁾ og viðkomandi sveitarstjórnar.

¹⁾ L. 126/2011, 483. gr. ²⁾ L. 157/2012, 22. gr.

■ 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur, að fenginni umsögn Fiskistofu, Mat-

vælastofnunar, Veidimálastofnunar, [Hafrannsóknastofnunar]²⁾ og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

□ Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. fríði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

□ Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 18. gr.

¹⁾ L. 126/2011, 483. gr. ²⁾ L. 157/2012, 22. gr.

III. kafli. Rekstrarleyfi til fiskeldis.

■ 7. gr. Rekstrarleyfi.

□ Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem [Matvælastofnun]¹⁾ veitir.

□ [Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt getur Matvælastofnun aflað umsagnar Fiskistofu, Veidimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldistofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræðieða erfðafræðiahrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Þá skal Matvælastofnun meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.]²⁾

□ Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs.

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr. ²⁾ L. 49/2014, 5. gr.

■ 8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi.

□ [Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, að umsækjandi hafi fullnægjandi fagþekkingu á viðkomandi sviði, að gæðakerfi stöðvarinnar og eldisbúnaður standist kröfur, sem nánar er kveðið á um í reglugerð um fiskeldi, um stærð og framleiðslugetu stöðvar, eldistegundir, eldiststofna og eldisaðferðir. Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skulu fylgja upplýsingar um að eldisbúnaður umsækjanda standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó en nánar er kveðið á um þær kröfur sem þarf að uppfylla samkvæmt þessum stöðlum í reglugerð um fiskeldi. Þá skal fylgja umsókn burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar. Einnig skal fylgja umsókn afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, nema fyrir liggja heimild Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga til að vinna samtímis að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.]

□ Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó. Umsókn skal einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins, rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis, öflun hrognar og seiða og leyfi til mannvirkjagerðar, svo og önnur gögn sem Matvælastofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 6. gr.

■ **9. gr. Málsmeðferð umsóknar.**

□ [Umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á sama sjókvíaeldissvæði skulu afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun, enda fullnægi umsókn skilyrðum laga þessara.

□ Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Matvælastofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 7. gr.

■ **10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis.**

□ Telji [Matvælastofnun]¹⁾ að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

□ Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. [Í rekstrarleyfi fyrir laxeldi skal kveðið á um skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um utánaliggjandi merkingu á eldislaxi til að auðveldara sé að aðgreina hann frá villtum laxi.]²⁾

□ Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. . . .²⁾

□ Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

□ [Matvælastofnun skal hafna útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis sem felur í sér meiri framleiðslu en viðkomandi sjókvíaeldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.

□ Gefi Matvælastofnun út rekstrarleyfi til sjókvíaeldis sem gerir ráð fyrir minni nýtingu en 40% af burðarþoli viðkomandi sjókvíaeldissvæðis skulu þau einungis veitt til tiltekins tíma, allt að fjórum árum. Heimilt er að endurnýja slíkt leyfi í fjögur ár í senn en liggja fyrir, við lok leyfistíma, fleiri en ein umsókn um rekstrarleyfi á umræddu svæði og þær uppfylla skilyrði laga þessara skal Matvælastofnun gefa út rekstrarleyfi til þess umsækjanda sem nær hagkvæmasti nýtingu á svæðinu með tilliti til burðarþols. Þó er heimilt að endurnýja fyrra leyfi sem ekki er með hagkvæmasta nýtingu ef munur á nýtingu er óverulegur.

□ Matvælastofnun skal hafna umsókn um rekstrarleyfi ef umsækjandi uppfyllir ekki kröfur skv. 2. másl. 2. mgr. 7. gr.

□ Matvælastofnun skal hafna umsókn ef umsækjandi leggur ekki fram þau gögn sem kveðið er á um í 8. gr., enda hafi umsækjanda verið gefinn hæfilegur frestur til að leggja fram þau gögn sem vantar.

□ Matvælastofnun skal hafna umsókn ef mat skv. 2. mgr. 9. gr. bendir til þess að fyrirhugað eldi feli í sér umtalsverða hættu á útbreiðslu sjúkdóma eða umtalsverð óæskileg áhrif á vistkerfi.²⁾

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr. ²⁾ L. 49/2014, 8. gr.

IV. kafli. Starfræksla fiskeldisstöðva.

■ **11. gr. Upphaf starfsemi.**

□ Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar [Matvælastofnun]¹⁾ hefur gert úttekt á fiskeldisstöð [og m.a. staðfest að því er varðar sjókvíaeldi laxfiska að framkvæmd og eldisbúnaður standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó].²⁾ Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

□ Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr. ²⁾ L. 49/2014, 9. gr.

■ **12. gr. Friðunarsvæði í sjó.**

□ [Matvælastofnun]¹⁾ er heimilt, að fenginni umsögn Veidimálastofnunar og [Hafrannsóknastofnunar],²⁾ að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

□ Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr. ²⁾ L. 157/2012, 22. gr.

■ **13. gr. Veiðar fiskis sem sleppur.**

□ Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

□ Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

□ Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Fiskistofu. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Fiskistofu.

□ Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Fiskistofa, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

□ Allan kostnað Fiskistofu og annarra stjórnvalda vegna

naðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

■ **14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf.**

□ [Matvælastofnun]¹⁾ skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal [einnig]²⁾ framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.

□ Til að [Matvælastofnun]¹⁾ geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa [Matvælastofnun]¹⁾ skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fódurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem [ráðherra]³⁾ setur. [Matvælastofnun]¹⁾ skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

□ Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk [Matvælastofnunar].¹⁾ [Matvælastofnun]¹⁾ er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ [Fyrir eftirlit Matvælastofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá⁴⁾ sem ráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal greitt samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjaldþingi til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Eftirlitsgjaldið skal ekki vera hærra en raunkostnaður sem hlýst af eftirlitinu og er ætlað að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,

c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.²⁾

□ [Matvælastofnun sér um afmarkaða þætti eftirlits með fiskeldi sem Umhverfisstofnun er falið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, á grundvelli þjónustusamnings við Umhverfisstofnun. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögum eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra setur.]²⁾

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr. ²⁾ L. 49/2014, 10. gr. ³⁾ L. 126/2011, 483. gr. ⁴⁾ Rg. 567/2012, sbr. 59/2013 og 842/2015.

[IV. kafli A. Gjaldtaka og trygging.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 11. gr.

■ **14. gr. a. Gjaldtaka.**

□ Við móttöku Matvælastofnunar á umsókn um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum skulu umsækjendur greiða Matvælastofnun þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem til fellur við afgreiðslu umsóknar. Ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, gjaldskrá¹⁾ fyrir veitta þjónustu sem stofnuninni er falið að annast í tengslum við afgreiðslu á

umsókn um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum. Umsóknir um rekstrarleyfi skulu ekki teknar til afgreiðslu fyrr en þjónustugjald hefur verið greitt.]²⁾

¹⁾ Rg. 567/2012, sbr. 59/2013 og 842/2015. ²⁾ L. 49/2014, 11. gr.

■ **14. gr. b. Trygging.**

□ Fyrir útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaldis skal umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Ábyrgðartrygging takmarkast við að greiða þann kostnað sem til fellur við að fjarlægja búnað sjókvíaldisstöðvar sem hætt hefur starfsemi, viðgerð á búnaði, hreinsun eldisvæðis og nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu, sbr. 21. gr. b. Ábyrgðartrygging skal gilda út gildistíma rekstrarleyfis og í tvö ár að gildistíma loknum. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um trygginguna í reglugerð.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 11. gr.

V. kafli. Afturköllun rekstrarleyfis.

■ **15. gr. Forsendubrestur.**

□ [Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan þriggja ára frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun sem fylgdi umsókn samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfið úr gildi. Matvælastofnun getur veitt undanþágu frá 1. másl. ef málefnaleg sjónarmið búa að baki töfinni, þó ekki lengur en 12 mánuði. Rekstrarleyfi skal fellt úr gildi ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í tvö ár. Matvælastofnun er heimilt, fimm árum frá útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaldis, að minnka leyfilegt framleiðslumagn samkvæmt rekstrarleyfi sé nýting þess minni en 50% af burðarþoli sjókvíaldissvæðis.]¹⁾

□ Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal [Matvælastofnun]²⁾ ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

¹⁾ L. 49/2014, 12. gr. ²⁾ L. 49/2014, 3. gr.

■ **16. gr. Afturköllun rekstrarleyfis.**

□ [Matvælastofnun]¹⁾ getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

□ Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal [Matvælastofnun]¹⁾ ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **17. gr. Framsal.**

□ Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis [Matvælastofnunar]¹⁾ er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

¹⁾ L. 49/2014, 3. gr.

■ **18. gr. Skaðabætur.**

□ Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

□ Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrar-

leyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

□ Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

■ **19. gr. Tilflutningur eldisfisks.**

□ Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Fiskistofa veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, [Hafrannsóknastofnunar]¹⁾ eða Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila ef ástæða þykir til.

□ Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjógvaðra hroгна milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 13. gr.

■ **20. gr. Eldisbúnaður.**

□ Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrarar og fiskidætur. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað, m.a. tæki til flutnings sem sannanlega er hægt að sótt-hreinsa að mati Matvælastofnunar. Einnig getur Matvælastofnun með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði til Matvælastofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. [Ráðherra]¹⁾ skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

¹⁾ L. 126/2011, 483. gr.

[VI. kafli A. Umhverfissjóður sjókvíaeldis.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. a. Umhverfissjóður sjókvíaeldis.**

□ Umhverfissjóður sjókvíaeldis er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði ráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki úr sjóðnum til að mæta þeim kostnaði eða tekjumissi sem þeir hafa orðið fyrir vegna tjóns sem er ekki hægt að rekja til ákveðinnar eldistöðvar.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. b. Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.**

□ Umhverfissjóður sjókvíaeldis lýtur fjögurra manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með umhverfismál. Ráðherra skal skipa formann sjóðsins án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jafnt. Varamenn skal skipa með sama hætti.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. c. Verkefni stjórnar.**

□ Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis hefur yfirumsjón með

starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð setta samkvæmt þeim. Verkefni stjórnar eru að:

a. skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,

b. taka ákvarðanir um forgangsröðun verkefna og greiðslur úr sjóðnum,

c. taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,

d. tryggja að upplýsingar og gögn sem unnin eru á vegum sjóðsins séu aðgengileg.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. d. Ráðstöfunarfé Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.**

□ Ráðstöfunarfé Umhverfissjóðs sjókvíaeldis er:

a. innheimt árgjald af rekstrarleyfishöfum sjókvíaeldis,

b. arður af eigin fé.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. e. Árgjald Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.**

□ Rekstrarleyfishafi sjókvíaeldis skal greiða árlegt gjald að upphæð 12 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi og rennur það óskipt til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.

□ Árgjald skal endurskoðað á fimm ára fresti.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. f. Álagning og innheimta árgjalds.**

□ Matvælastofnun annast álagningu og innheimtu árgjalds skv. 20. gr. e. Ráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnun ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

□ Eigi síðar en 30. ágúst ár hvert skal Matvælastofnun hafa lokið álagningu á gjaldendur skv. 20. gr. e og skal gjaldendum tilkynnt bréflaga um hana.

□ Gjöld skv. 20. gr. e vegna yfirstandandi almanaksárs falla í gjalddaga 1. október ár hvert. Ef gjöld eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af þeim skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku eru aðfararhæfar ákvarðanir. Matvælastofnun getur krafist fullnustu með aðfarargerð þegar liðnir eru 30 dagar frá gjalddaga.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

■ **[20. gr. g. Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.**

□ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, þ.m.t. um málsmeðferð og reglur um greiðslur úr sjóðnum.

□ Allur kostnaður af starfsemi Umhverfissjóðs sjókvíaeldis greiðist af sjóðnum.]¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 14. gr.

VII. kafli. Reglugerðarheimild, refsíákvæði o.fl.

■ **21. gr. Reglugerðarheimild o.fl.**

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾ Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjógvaðra hroгна milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

□ [Matvælastofnun]³⁾ er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

□ [Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um skyldu til notkunar geldstofns í sjókvíaeldi.]⁴⁾

¹⁾ L. 126/2011, 483. gr. ²⁾ Rg. 1254/2008, sbr. 936/2014. Rg. 736/2009, sbr. 10/2011. Rg. 168/2011, sbr. 1010/2011, 661/2012, 142/2013, 389/2014 og 169/2015. Rg. 346/2012. Rg. 401/2012, sbr. 626/2015 og 931/2015. Rg. 220/2013. Rg. 221/2013. Rg. 271/2013. Rg. 272/2013. Rg. 273/2013. Rg. 1170/2015. ³⁾ L. 49/2014, 3. gr. ⁴⁾ L. 49/2014, 15. gr.

■ [21. gr. a. *Dagsektir.*

□ Fari rekstrarleyfishafi ekki að fyrirmælum Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum í rekstrarleyfi innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið að leyfishafi greiði dagsektir þar til úr verður bætt. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt leyfishafa.

□ Dagsektir mega nema allt að 500.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal m.a. taka tillit til þess hve aðkallandi úrbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

□ Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Matvælastofnunar um beitingu dagsekta til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að honum er tilkynnt ákvörðunin. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra berst.

□ Ákvarðanir Matvælastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til ráðuneytisins frestar aðför.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 16. gr.

■ [21. gr. b. *Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa.*

□ Matvælastofnun er heimilt á kostnað rekstrarleyfishafa að láta fjarlægja búnað fiskeldisstöðvar sem hætt hefur starfsemi, gera við búnað og hreinsa eldissvæði og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu fari hann ekki að fyrirmælum Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum í rekstrarleyfi. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Matvælastofnun en innheimtast síðar hjá rekstrarleyfishafa eða úr ábyrgðartryggingu hans. Kostnað má innheimta með fjárnámi.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 16. gr.

■ [21. gr. c. *Starfsemi án rekstrarleyfis.*

□ Ef fiskeldisstöð er rekin án þess að rekstrarleyfi sé í gildi skal Matvælastofnun stöðva starfsemina. Eftir þörfum ber lögreglu að veita Matvælastofnun liðsinni í því skyni. Matvælastofnun er heimilt að slátra eða farga eldisdýrum, fjarlægja búnað sem notaður hefur verið til starfseinnar og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir skv. 21. gr. b á kostnað

þess aðila sem rekið hefur fiskeldisstarfsemi án leyfis. Eldisdýr sem hæf eru til manneldis skulu seld og andvirðið að frádregnum kostnaði Matvælastofnunar vegna sölnunnar skal renna í ríkissjóð.¹⁾

¹⁾ L. 49/2014, 16. gr.

■ 22. gr. *Um refsingar.*

□ Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar:

a. ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi,

b. ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi,

c. ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar,

d. ef fiskeldisstöðvar gerast að öðru leyti brotlegar gagnvart lögum þessum.

VIII. kafli. Gildistökuákvæði.

■ 23. gr. *Gildistaka o.fl.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skóðanaskiptum þeirra er löggin varða helst. Nefndin skal skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í henni sitja tólf fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti, Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.